





Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 Staðfest 28. desember 2021

VATNSENDI - ÞING. HRAFNISTA Boðaping 5-13.

Breytt deiliskipulag. Breyting skv. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010 Erindi frá fundi skipulagsnefndar nr. 124, 15. ágúst 2022, ONE/2208095

Greinargerð. Í breytingunni felst að innri byggingarreitir fyrir Boðaping nr. 11 og nr. 13 breytist og færast fjær Boðapingi 1-3. Gert er ráð fyrir auka aðkomu þjónustubíla á norðurhluta lóðarinnar fyrir aðeins þjónustubíla (sjúkra- sorp og matarbíla og bíla með þvott) á nýjum einbreiðum akvegi sem liggur frá núverandi bílastæðum að nýjum þjónustuinngangi rétt austan núverandi þjónstukjarna. Gerð er krafa um að komið verði fyrir aðgangsstýringu með hliði eða pollum við vesturhluta þjónustuvegar. Rökin fyrir umræddri breytingu liggja í ósk lóðarhafa um betra innra fyrirkomulag fyrirhugaðra bygginga til hagsbóta fyrir íbúa Boðapings og til að aukna vinnuhagræðingu hjá starfsfólki. Breytingin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Lagnir í jörðu skulu varðar á framkvæmdatíma og kostnaður vegna færslu á lögnum og vegna smáspennistöðvar fellur á lóðarhafa. Gert er ráð fyrir smáhýsi 14.5 m2 að stærð í samr. við byggingarreglugerð norðan Boðapings 11. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 24. ágúst 2006 m.s.br. samþykkt 12. apríl 2016 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 25. apríl 2016. Ferill máls: Skipulagsráð samþykkti á fundi sínum 5. september 2022 að auglýsa erindið í samræmi við 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísaði erindinu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Erindið var auglýst og frestur til að gera athugasemdir var til 4. nóvember 2022. Athugasemdir bárust. Á fundi skipulagsráðs xx. janúar 2023 var erindið dags. 15. ágúst 2022 lagt fram að nýju ásamt áorðum breytingum dags. 12. janúar 2023 sem koma að hluta til móts við innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsdeildar dags. 12. janúar 2023. Með erindinu fylgir minnisblað VSÓ ráðgjöf dags. 12. janúar 2023 um raunumferð og leið til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af umferð.



Kópavogi, 12. janúar 2023


Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi
Skýringar




Skýringarmynd: Þrívíddarmynd - horft til suðvesturs frá Þingmannaleið



Skýringarmynd: Þrívíddarmynd - horft til norðurs frá Boðapingi 22



Deiliskipulag: VATNSENDI - ÞING, HRAFNISTA. Boðaping 5-13 í mkv. 1:1000 Auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2011, m.s.br. 25. apríl 2016



Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Boðaping 5-13 í mkv. 1:1000